

Harpa Sif Sigurðardóttir (9) er á kafi í mótorkrossi og


ÁHUGASÖM:

„Maður eignast góða vini í mótorkrossinu sem gaman er að hjóla með á sérstökum brautum,“ segir krossarinn ungi.



FJÖR:

Daði, litli bróðir Hörpu, er á fjórhjólum og mamma passar vel upp á hann.



FIMM ÁRA Á MÓ

Harpa Sif er spræk og skemmtileg stelpa úr Grafarholtinu sem á afar sérstakt áhugamál sem hún segir vera mjög spennandi.

Allir saman! „Ég er í mótorkrossi og búinn að vera í nokkur ár. Hann pabbi er búinn að smita mig af þessum áhuga en hann er allur í bílum og mótorkhjólum og ég er mjög áhugasöm um þessa hluti, en pabbi hefur verið í þessu frá unglingsárunum. Ég var fimm ára þegar pabbi og mamma gáfu mér fyrsta hjólið mitt og tilheyrandi græjur, en núna er ég komin á annað hjól sem er stærra en hentar mér mjög vel og er þetta þriðja hjólið mitt,“ segir Harpa Sif og brosir. Litli bróðir hennar, Daði Hrafn, þrjú ára, er líka á litlu fjórhjólum og pabbi hennar, Sigurður Heiðar Sigurðsson,

sem rekur Múla bílaréttingar og sprautun á Hamarshöfða og mamma hennar, Sigrún Inga Birgisdóttir, eru líka á hjólum. Þetta er því sannkallað fjölskyldusport og það óvenjulegt.

Með brynju

„Við pabbi erum mest í þessu saman því að Daði bróðir er svo lítill enn þá og mamma hefur ekki getað hjólað með okkur í svólítinn tíma. En stundum erum við öll saman og þá fær Daði að hjóla líka og mamma fylgist með honum. Það eru margir vana mömmu og pabba í þessu sporti og við skemmtum okkur saman. Við förum

mikið upp í Álfsnes í Mosfellsbæ og Bolöldu við Litlu kaffistofuna, en þar hittast rosalega margir, sérstaklega ungar helgar. Við krakkarnir hjólum á sérstökum brautum og ég þekki orðið marga krakka í þessu sporti. Ég á hjólavinkonu sem heitir Sara Lind. Það er svo margt skemmtilegt við að hjóla. Maður fær fiðring í magann af spennings og gleði. Þetta er bara fin æfing og styrkir alla vöðvana; maður er alltaf að gefa í, beygja og fara upp og niður hóla og hæðir,“ segir Harpa ánægð.